Egilsstaðaskóli

**Kennsluáætlun**

**7. bekkur**

## Námsgrein: Textílmennt

***Menntun í list- og verkgreinum felst í því að nemendur vinna verklega og skapandi vinnu þar sem reynir á huga, hjarta og hönd. Námið felur í sér kerfisbundna þjálfun í hverri námsgrein fyrir sig þar sem reynir á ólíka þætti í mismiklum mæli eftir eðli verkefna.***

**Kennsluaðferðir og skipulag:** Nemendur í 7. bekk fara í tvær textílmenntarlotur á skólaári, ein á haustönn og ein á vorönn 3 – 4 vikur í senn, 80 mínútur í hvert skipti tvisvar í viku. Haldið er áfram að byggja ofan á þekkingu sem nemendur hafa. Unnið er prjónaverkefni, þar sem nemendur bæta á grunn sinn í prjóni og þeir hanna sitt eigið munstur í prjóni. Einnig er unnið vélsaumsverkefni þar sem þeir bæta við þekkingu sína í vélsaumi. Lögð er áhersla á að nemendur beri virðingu fyrir tækjum og efnivið sem verið er að nota og temji sér góða umgengni.

Verkefni hverrar námslotu eru aðgengileg á nemendasvæðum í Mentor og námsmat er sett inn í lok hverrar lotu.

**Námsgögn**: Námsgögn frá kennara, af vef, úr bókum og fleira.

| Hæfniviðmið | Kennsluhættir | Námsmat |
|---|---|---|
| Að nemandi:<br><br>- Notað einfaldar aðferðir greinarinnar og beitt viðeigandi áhöldum.<br>- Unnið úr nokkrum gerðum textílefna | Námsgreinin textílmennt er yfirgripsmikil grein sem felur í sér þátt hönnunar og handverks auk þess að fela í sér þjálfun og verkfærni á fjölbreyttum sviðum. | Námsmat í samræmi við hæfniviðmið aðalnámskrár og fært inn á hæfnikort nemenda á Mentor. |

| | | |
|---|---|---|
| - Unnið eftir einföldum leiðbeiningum.<br>- Skreytt textílvinnu á einfaldan hátt.<br>- Gengið frá og tekið ábyrgð á sínu verkefni og þeim áhöldum sem verið er að nota hverju sinni.<br>- Tjáð hugmyndir sínar með einfaldri skissu.<br>- Skreytt textílvinnu á einfaldan hátt.<br>- Gert grein fyrir mismunandi tegundum handverks og notað nokkur hugtök sem tengjast greininni.<br>- sagt frá íslensku hráefni og unnið með það á einfaldan hátt.<br>- Sagt frá nokkrum tegundum textílefna.<br>- Fjallað um mismunandi klæðnað fólks með tilliti til veðurfars, athafna og tilefna. | Textílnám byggist meðal annars á þekkingaröflun, hugmyndavinnu og sköpun þar sem nemendur vinna með efni og áhöld greinarinnar á sjálfstæðan hátt. Lögð er áhersla á framkvæmd og ferli sem gefur nemendum tækifæri til að beita fjölbreyttum aðferðum. | |